

**1077. Stjórnarfundur VR**

Haldinn miðvikudaginn 9. maí 2012 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Eyrún Ingadóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Sigurður Sigfússon, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:****1. Fundargerð síðasta fundar**

Stefán Einar lagði fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt og undirrituð.

**2. Verkaskipting stjórnar**

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Tillaga formanns til stjórnar að verkaskiptingu stjórnar*“ þar sem kom fram tillaga hans um skipan í framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs, stjórn orlofssjóðs, nefnd um starfsmenntamál og launanevnd. Fór hann yfir tillöguna sem er þannig:

Framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs:

Ásta Rut Jónasdóttir  
Benóný Valur Jakobsson  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir  
Jón Magnússon  
Ólafía Ása Jóhannesdóttir

Varamenn:

Hildur Mósesdóttir  
Óskar Kristjánsson

Stjórn Orlofssjóðs:

Benedikt Vilhjálmsson  
Bjarni Þór Sigurðsson  
Jóhanna S. Rúnarsdóttir  
Ragnar Þór Ingólfsson  
Sigurður Sigfússon

Varamenn:

Fríður Birna Stefánsdóttir  
Kristjana Þ. Jónsdóttir

Nefnd um starfsmenntamál:

Stefán Einar Stefánsson  
Birgir Már Guðmundsson  
Eyrún Ingadóttir  
Óskar Kristjánsson  
Fríður Birna Stefánsdóttir  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Launanefnd:

Ásta Rut Jónasdóttir  
Birgir Már Guðmundsson  
Sigurður Sigfússon

Umræður.

Engin athugasemd var gerð við tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

3. **Endurgerð Dísu 2012 – kostnaðaráætlun**

Stefán Einar lagði fram afrit af *tölvupósti* frá Halldóri Reykdal Baldurssyni viðskiptastjóra Fíton dags. 20.04 2012 vegna kostnaðaráætlunar og tilboða um endurgerð sjónvarpsauglýsingar okkar „Dísu“.

Samþykkt að Stefán Einar og Helga fái umboð til að vinna þetta áfram.

4. **Þriggja mánaða uppgjör**

Helga fór yfir þriggja mánaða uppgjör og lagði fram skjalið „*Rekstrarreikningur Jan-Mar 2012*“ og fór yfir innihald þess. Kom m.a. fram í máli Helgu að hreinar tekjur eru 163.9 milljónir kr. sem er nokkuð yfir áætlun en það skýrist af mun meiri fjármunatekjum heldur en áætlun gerði ráð fyrir. Aukning er á umsóknum í sjúkrasjóð en við höfum séð slíkar sveiflur áður en munum fylgjast náið með þróuninni. Tekjur eru 410 milljónir kr., iðgjöld eru að aukast, lækkun er í útbreiðslukostnaði en hækkun á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði ofl.

Umræður.

**5. Viðbrögð VR við skýrslu um lífeyrissjóði**

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Kostnaður vegna vinnu ráðgjafanefndar VR um skýrslu LL*“ og er það minnisblað um launakostnað nefndarinnar en hann var 1.7 milljón kr. Ræddi Stefán Einar síðan um skýrsluna og sagði frá þeim viðbrögðum sem hún hefði vakið og hann hefur heyrt af. Voru það mjög góð viðbrögð og telur hann þetta verk hafa verið okkur til sóma. Umræður.

**6. Styrkveitingar**

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Umsókn til VR*“ dags. 04.04 2012, sem er umsókn um styrk frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur og samtökum lungnasjúklinga vengja verkefnis sem þeir nefna „Reykingatengdir lungnasjúkdómar“. Hyggjast félagin gera fræðslumyndband sem kostar 2.5 milljónir kr. í framleiðslu. Óskað er eftir fjárhagsstyrk að upphæð kr. 600 þús.

Umræður.

Samþykkt með 8 atkvæðum gegn 4 að greiða styrk að upphæð kr. 300 þús.

Stefán Einar lagði þá fram skjalið „*Umsókn til VR*“ dags. 13.04 2012, sem er umsókn um styrk frá Barnaheill – Save the Children á Íslandi vegna verkefnisins „Dagur Barnsins“. Hyggst félagið standa að söfnunarátaki í beinni útsendingu á Stöð 2 og er óskað eftir styrk að upphæð 2 – 5 milljónir kr. til að standa straum af útsendingarkostnaði sem þeir áætla að verði um 14 milljónir kr.

Umræður.

Erindinu er hafnað með öllum greiddum atkvæðum.

**7. Umboð til formanns til viðræðna við Félag leiðsögumanna**

Stefán Einar lagði fram skjalið „Beiðni um fund“ dags. 17.04 2012 en erindi þetta barst okkur í kjölfar samþykktar á aðalfundi Félags Leiðsögumanna þar sem ákveðið var að stjórn félagsins myndi kanna möguleika á sameiningu við annað stéttarfélag. Í framhaldinu skipuðu þeir nefnd sem kom til VR í liðnum mánuði og áttu með okkur fund. Vilja þeir kanna flöt á því að sameinast VR. Stefán Einar taldi að við ættum að skoða þetta og að leiðsögumenn séu í auknum mæli að verða launþegar. Óskaði hann eftir umboði til að skoða þetta áfram – jafnvel með einhverjum tilkostnaði við nánari talnagreiningu t.d. vegna sjóða o.þ.h.

Umræður.

Samþykkt samhljóða að veita Stefáni Einari umboð til að vinna þetta áfram.

8. Nýir trúnaðarmenn og endurkjörnir

- |                               |                     |
|-------------------------------|---------------------|
| a. Pálína K. Guðjónsdóttir    | Halldór Jónsson (e) |
| b. Guðrún Jóna Valgeirsdóttir | Icepharma (e)       |
| c. Hafdís Björgvinsdóttir     | Heimsferðir (e)     |
| d. Hlynur Pálmason            | Bernhard ehf (e)    |
| e. Ása Kristín Óskarsdóttir   | KPMG ehf (n)        |
| f. Elín Hanna Pétursdóttir    | KPMG ehf (n)        |

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:35  
Árni Leósson, fundarritari